Ingvar Sigurgeirsson, Berglind Axelsdóttir,
Björgvin Sigurbjörnsson og Hilmar Már Arason

Göngum í takt

Innleiðing teymiskennslu í grunnskólunum á Snæfellsnesi skólaárið 2016–2017

Skýrsla um þróunarverkefni

2017

Teymi, teymi, teymi
Okkar val og okkar starf
er að leiða og fræða,
augljóslega einnig þarf
ýmislegt að ræða.

Einkum það sem allra helst
eykur gildi manna;
í tillitssemi og trausti felst
taktur samskiptanna.

Sú er lausnin, senn á ný,
með sjónum fullvissunnar
að margar hendur magnast í
mætti samvinnunnar.

Gunnar J. Straumland



Efnisyfirlit

Inngangur 4
Grunnskólinn í Grundarfirði 5
Grunnskólinn í Snæfellsbæ 7
Grunnskólinn í Stykkishólmi 10
Mat á verkefninu 12

Inngangur

Skólaárið 2016-2017 vann starfsfólk grunnskólanna á Snæfellsnesi að innleiðingu teymiskennslu. Þátt í verkefninu tóku grunnskólarnir í Grundarfirði, Snæfellsbæ og Stykkishólmi. Ráðgjafi við framkvæmd verkefnisins var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands.

Verkefnið var sett af stað með dagskrá í Grunnskólanum í Ólafsvík 16. ágúst 2016 þar sem fjallað var um þróunarverkefni, skilgreiningar á teymiskennslu og ólíkar leiðir í teymis-kennslu, innlendar og erlendar rannsóknir og um skólaþróunartækifæri.

Í framhaldi af þessu ræddu þátttakendur eftirfarandi spurningar í hópum eftir skólum: Hvaða sóknarfæri sjáum við? Hvaða spurningar hafa vaknað? Hvaða bjargir þurfum við / höfum við?

Sjá nánar um þessa dagskrá á þessari slóð: http://skolastofan.is/throunarverkefni/innleiding-teymiskennslu-i-grunnskolunum-a-snaefellsnesi-skolaarid-2016-2017

Í öllum skólunum var lögð áhersla á að innleiðing teymiskennslunnar væri að ákvörðun hvers kennara eða kennarahóps. Ráðgjöf var í boði fyrir þá hópa sem það kusu og heimsótti ráðgjafi alla skólana og ræddi við teymin.

Efnt var til samkeppni um nafn á verkefnið og fékk það heitið: Göngum í takt. Hugmyndina átti Theódóra Friðbjörnsdóttir, kennari í Grunnskóla Snæfellsbæjar.

Verkefninu lauk með sameiginlegu þingi í Stykkishólmi 26. apríl 2017 þar sem gerð var grein fyrir niðurstöðum og þær ræddar (sjá dagskrá á þessari slóð: http://skolastofan.is/uppskeruhatid-verkefnanna-gongu-i-takt-og-saman-getum-vid-meira-innleiding-teymiskennslu

Kennarar og stjórnendur grunnskólanna í Borgarbyggð tóku þátt í lokadagskrá verkefnisins. Þar fór fram mat á verkefninu og reyndust niðurstöður um margt áþekkar, eins og sjá má í skýrslu um það verkefni.[1]

Skólarnir fóru ólíkar leiðir við innleiðinguna og verður hér gerð grein fyrir þeim helstu.

[1] Sjá Ingvar Sigurgeirsson, Anna Magnea Hreinsdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir og Ragnhildur Kristín Einarsdóttir. (2017). *Saman getum við meira: Innleiðing teymiskennslu í grunnskólunum í skólunum í Borgarbyggð 2016-2017*. Skýrsla um þróunarverkefni. Reykjavík: Skólastofan slf – rannsóknir og ráðgjöf.

Björgvin Sigurbjörnsson

Grunnskólinn í Grundarfirði

Umræða um teymiskennslu hófst í skólanum vorið 2016. Hugmyndin var að efla skólastarfið með markvissara samstarfi kennara. Skólinn er fámennur og byggt hefur verið á samkennslu árganga. Hugmyndin var að stækka hópana í því skyni að tveir kennarar gætu verið saman með hvern hóp a.m.k. tíu til tólf tíma á viku í teymiskennslu. Ákveðið var að hafa 1. og 2. bekk saman, 3. og 4. bekk og 5. til 7. bekk. Á unglingastiginu var teymiskennsla einkum í stærðfræði og að hluta í íslensku.

Ekki voru lagðar skýrar línur fyrir hópana um hve langt skyldi gengið varðandi teymiskennsluna og þróaðist starfið oft þannig að sameiginlegu tímarnir voru notaðir til að skipta hópunum eftir árgöngum. Í 3. og 4.bekk unnu kennarar saman með hópinn. Fyrir áramót var þó árgöngum skipt upp og kennarar skiptu þeim milli sín út skólaárið. Ábyrgð þeirra var því skipt upp og samstarf minna. Má ætla að undirbúningur nemanda í 4. bekk fyrir samræmd próf hafi spilað þar inn í.

Þá gekk starfið vel í 5.–7. bekk þar sem fyrst og fremst var horft til teymiskennslu í samfélags-greinum, ART tímum og valtímum og unnu kennarar þar skemmtileg verkefni með nemendum. Þetta fyrirkomulag gekk ágætlega til að byrja með og stóðu kennarar sig einkar vel við að hrista fram úr erminni frjó og tilkomumikil verkefni. Einblínt var á að nemendur ynnu í hópvinnu þar sem árgöngum var blandað. Þrátt fyrir góða samvinnu kennara kom í ljós að breiddin í hópnum var of mikil í þessari námsgrein. Nemendur voru mjög misjafnir og aldursbil of breitt fyrir þessa kennslu. Var nemendum því skipt upp eftir árgöngum þegar leið á veturinn og þeim kennt sér. Þar af leiðandi féll teymiskennsluformið niður að hluta, en kennarar héldu áfram að skipuleggja starfið saman þó þeir skiptu kennslunni á milli sín.

Á unglingastiginu var hefðbundin teymiskennsla í stærðfræði sem gafst sérlega vel. Að þessari kennslu komu þrír kennarar. Einn sem alltaf var til staðar og tveir sem voru með honum til skiptis – og tvisvar í viku gátu kennarar verið allir þrír með hópnum („... sem var draumi líkast.“). Ákveðið var að velja stærðfræði þar sem nemendur eru á misjöfnum stað. Þeir vinna mishratt og þá gefst nemendum aukið tækifæri á að vinna eftir þeim kennsluáætlunum sem settar hafa verið.

Er það samdóma mat þeirra kennara sem komu að teymiskennslu í stærðfræði að vel hafi tekist til og er það ósk þeirra að slíkt fyrirkomulag verði áfram á næsta skólaári. Ábyrgð var að jöfnu dreifð meðal kennara og sveigjanleiki til staðar.

Mat stjórnenda er að skrefin á þessu skólaári hafi verið smá, en hugur í fólki að stíga næstu skref á komandi skólaári. Áhugi er á

að fara út í markvissari vinnubrögð ... „halda áfram að ræða málin og prófa okkur áfram ...“ ... komast út úr námsbókinni ...

Sett hafa verið upp drög fyrir næsta skólaár þar sem stefnt er að aukinni teymiskennslu, venjulegri sem og annars konar. Líklega munu kennarar 5 ára deildarinnar, sem er til húsa í grunnskólanum, taka virkan þátt í teymiskennslunni sem er mjög spennandi. Þá verða settir tveir kennarar, eða fleiri, í stærstu bóklegu greinarnar ásamt því sem öðrum námsgreinum verður raðað niður á töflu þannig að kennarar geta parað saman námsgreinar með markvissari hætti og aukið þannig samstarf nemenda og kennara. Þá eru drög að því að setja inn á stundatöflu nemenda á unglingastigi sérstaka tíma, vinnustundir, þar sem kennarar vinna saman með allan nemendahópinn í fjölbreyttum verkefnum, verklegum sem bóklegum, þar sem ábyrgð og hlutverk kennara er jafnt skipt.

Hilmar Már Arason

Grunnskólinn í Snæfellsbæ

Í Grunnskólanum í Snæfellsbæ hafa stjórnendur haft áhuga á að efla teymiskennslu og teymisvinnu við skólann og margir kennarar hafa í starfsmannasamtölum óskað eftir því að geta unnið nánar við öðrum kennurum, m.a. til þess að brjóta upp einangrun sína

Teymisvinna er allsráðandi í starfi skólans og reynt að koma henni fyrir sem víðast. Þannig er skólastarfið skipulagt með þessa hugsun að leiðarljósi. Helstu skipulagseiningar skólans eru:

- Árganga- og fagteymi
- Deildir – það eru fjórar deildir í skólanum
- Vikulegir sameiginlegir fundir norðan heiðar
- Þróunarteymi
- Stjórnunarteymi

Skólinn er á þremur starfstöðvum; á Hellissandi (1.–4. bekkur), í Ólafsvík (5. –10. bekkur) og á Lýsuhóli (1. –10. bekkur, auk leikskóladeildar). Lýsuhólsskóli hefur nokkra sérstöðu, vegna fjarlægðar frá hinum starfsstöðvunum, fámennis og samkennslu aldurshópa. Á þeirri starfstöð vinna kennarar mjög náið saman og hefur starfið vakið athygli, m.a. fyrir nýsköpun, umhverfismennt og virka kennsluhætti.[2]

Þróunarstarfinu voru sett eftirfarandi markmið:

- Bæta kennsluna – koma betur til móts við nemendur
- Brjóta upp einangrun kennara og annarra starfsmanna
- Aukið samstarf – samábyrgð
- Aukinn stuðningur
- Vinnuhagræðing
- Styrkleikar hvers og eins fái notið sín

Á starfsstöðvunum norðan heiðar er skólaststarfið skipulagt með það í huga að brjóta upp einangrun kennara og bæta kennsluna með auknum stuðningi inn í bekk. Sett voru á laggirnar árganga- og fagteymi. Eins var kapp lagt á að samþætta almenna kennslu og stuðningskennslu. Áhersla er á að nýta fundi til faglegs samstarfs. Þessir tímar eru á bilinu 6-8 í öllum árgöngum. Með þessu móti er líka reynt að dreifa ábyrgð á skólastarfinu á sem flesta, þannig að umsjónakennarar upplifi sig ekki sem eyland eins og áður. Þegar stundataflan var unnin var þetta haft í huga, strax frá upphafi. Það er lykilatriði að okkar mati.

[2] Benda má á meistaraprófsritgerð Þórunnar Hilmu Svavarsdóttur (2016): „Það er svo gaman að vinna svona vinnu með nemendum.“ Menntun til sjálfbærni í umhverfis- og þróunarverkefninu Stubbalækjarvirkjun, sjá á þessari slóð:
http://skemman.is/stream/get/1946/26246/57506/1/M.Ed.2016.%C3%9E%C3%B3runnHilmaSvavarsd%C3%B3ttir.pdf

Skólanum er skipt upp í skipulagseiningar eða deildir. Fjórar að tölu. Ein á Lýsu, tvær í Ólafsvík og ein á Hellissandi. Það er fundað vikulega í deildunum og á þeim fundum er farið yfir skipulag viðburða og daglegs starf deildarinnar, reynt að samhæfa starfið. Ýmsir viðburðir eru sameiginlegir í deildunum, s.s. árshátíðir sem eru fjórar í skólanum, þemadagar, val, hringekju, snilldarstundir og bland í pokar. Deildirnar gefa líka álit sitt á skipulagsmálum og stefnumörkun sem varðar allt skólastarfið. Verkefni eru endurskoðuð sem hafa verið lögð fyrir. Spurningum á borð við Hvernig getum við skipulagt okkur betur? Hvernig náum við betri árangri? Hvernig viljum við gera þetta næst?

Á starfsstöðvunum norðan heiðar voru á skólaárinu tíu þróunarteymi virk um eftirfarandi viðfangsefni:

- Upplýsingtækni
- Læsi
- Eineltismál (Olweus)
- Átthagafræði[3]
- Stærðfræði
- Umhverfisfræði
- Heilsueflandi skóla
- Nýbúafræðslu
- Erasmus
- Öryggismál

Þróunarteymin eru leiðandi í skólanum á völdum sviðum. Það voru frá tveimur til fimm starfsmenn í hverju teymi og fundað tvisvar í mánuði. Öll teymin voru vel virk á tímabilinu, að mati skólastjóra. Með þessu móti var ábyrgð á skólastarfinu dreift og starfsfólk var leiðandi á sínu sviði. Í starfsmannaviðtölum og í samtali við bæjarstjóra komu fram óskir að auka tíma til þessara vinnu innan vinnurammans. Næsta skólaár er stefnt að því að kennarar fái 1 klst á viku á þessa vinnu.

Einu sinni í viku hittast deildarinnar norðan heiðar á sameiginlegum fundi þar sem tekin eru fyrir málefni sem eiga við allan skólann. Tvisvar í mánuði eru kennarafundir, einu sinni starfsmannafundur og einu sinni Olweusarfundur. Á þessum fundum er verið að samræma starfið í skólanum, tilkynningar, umræður og stefnumótunarvinna eru þá gjarnan á dagskrá. Þróunarteymin, kennarar og kennarahópar, geta þá miðlað til annara á þessum vettvangi. Einn kennari upplifði það á eftirfarandi hátt: „Þá finnst mér hafa einkennt starfið að við erum að miðla kennsluaðferðum, tækni í kennslu, leiðum í námsmati á sameiginlegum fundum sem gefst mjög vel - bæði á milli starfsstöðva og teymin sjálf/kennarar sem hafa verið að vinna skemmtileg verkefni.“

Stjórnunateymi skólans skipa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, tveir deildarstjórar og tveir verkefnastjórar. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjórar funda vikulega. Einu sinni í mánuði sitja verkefnastjórar fundi og oftar ef þurfa þykir. Skólastjóri skiptir sér á milli

[3] Sjá meistaraprófsritgerð Elfu Ármannsdóttur (2013): *„Þar sem jökullinn ber við loft… Upplifun og reynsla umsjónarkennara af innleiðingu átthagafræði í skólanámskrá Grunnskóla Snæfellsbæjar“*, sjá á þessari slóð: http://skemman.is/item/view/1946/16051

starfstöðva, er einu sinni í viku á Lýsuhóli en tvisvar í viku á hinum starfstöðvunum. Hann byrjar og endar alla daga í Ólafsvík. Það er leiðarljós þessa teymis að stjórnun skólans eigi að vera skilvirk og öllum ljós. Ábyrgð hvers og eins skilgreind, jafnframt því að starfsfólk þrói með sér samábyrgð á öllu starfi skólans - dreifstjórnun.

Almenna ánægja er með þetta skipulag á skólastarfinu. Nokkrum spurningum þarf að svara og bæta skipulag að fenginni reynslu. Mörgum finnst þróunarteymin vera mörg, lítil tími gefinn í þá vinnu og sum fámenn. Nokkrir kennarar eru í mörgum fagteymum og snýr það einkum að fáum einstaklingum í unglingadeildinni í Ólafsvík. Reynslan og fræðin segja okkur að hætt sé við ákveðinni „Balkanseringu“ þar sem deildir og teymi fara að lifa sjálfstæðu lífi og taka ekki tillit til heildarinnar.

Mat stjórnenda er að til þess að teymi virki vel sé traust lykilatriði, þau séu „rétt“ og vel mönnuð. Stuðningur stjórnenda sé mikilvægur, aðgangur að þeim sé greiður og þeir séu tilbúnir að dreifa valdi og ábyrgð. Stundatöflugerð skipti öllu og við vinnu stundatöflurnar sé teymiskennslan ein af forgangsþáttum. Á næsta skólaári eru áform um að efla teymiskennsluna með sama sniði og var á þessu skólaári. Fyrirhugað er að auka tíma sem varið er í teymiskennslu í skólanum með það að markmiði að auka gæði kennslunnar.

Berglind Axelsdóttir

Grunnskólinn í Stykkishólmi

Í Grunnskólanum í Stykkishólmi voru gerðar tvær tilraunir með teymiskennslu skólaárið 2016–2017, annars vegar í 1. bekk og hins vegar í stærðfræðikennslu á unglingastigi.

Í 1. bekk voru tveir kennarar, þær Kristbjörg Hermannsdóttir og Steinunn María Þórsdóttir, með allan árganginn tíu kennslustundir í viku. Ákveðið var að nýta þennan tíma einkum fyrir íslenskukennslu, m.a. í tengslum við Byrjendalæsi. Teymiskennslan í 1. bekk tókst afar vel að mati þeirra. Í skýrslu sinni segja þær m.a. að þær hafi verið „hugmyndaríkari saman, skipulagðari, ánægðari og styrkleikar okkar fengu betur að njóta sín. Síðast en ekki síst er það afar mikill kostur að geta átt umræður um nemendur og námsefni.“ Varðandi vandkvæðin nefna þær að lítill tími hafi verið til að ræða saman: „Allur tími okkar saman fór í skipulagningu, úrvinnslu verkefna og námsmat. Teymiskennsla er mjög tímafrek.“

Kennararnir óska eindregið eftir því að framhald verði á þessu starfi: „Starfsánægjan verður svo miklu meiri ... ótrúlega miklu betra að vinna svona saman.“ Stefnt er að því að þetta samstarf haldi áfram í einhverri mynd. Það sama má segja með aðra bekki. Það hefur sýnt sig að kennarar eru í raun ánægðari með að fá inn til sín kennaramenntaðan einstakling í stuðning í bekk, fremur en stuðningsfulltrúa. Ástæðan sem nefnd er að bæði sé það vegna undirbúnings fyrir kennslu og úrvinnslu eftir kennslu og alla eftirfylgni vegna nemenda.

Á unglingastiginu kenndu stærðfræðikennararnir, Arna Sædal og Gunnlaugur Smárason, saman í teymi þrjár kennslustundir á viku í 8.–9. bekk (af sex). Ákveðið var að leggja í þessum kennslustundum áherslu á verklega stærðfræði, samræður og jafningjakennslu. Mat kennaranna er að þessi kennsla hafi gengið mjög vel. Kennararnir eru ólíkir, en ná vel saman. Helsti vandinn var að finna nægilega mörg bitastæð verkefni á íslensku. Reynt var að nýta verkefni á ensku (án þess að þýða þau), en það gafst ekki nógu vel. Í þessu sambandi er áhugavert að kennarar á Snæfellsnesi hafa ákveðið að koma sér upp sameiginlegum gagnabanka, sem vonir eru bundnar við. Stefnt er á að halda áfram teymiskennslu í stærðfræði á næsta skólaári. Því er ekki að neita að gleðin verður meiri þegar kennarar eru ánægðari sem hlýtur alltaf að skila sér til nemenda.

Stærðfræðikennararnir leituðu álits nemenda á teymiskennslunni og þar stóð upp úr ánægja nemenda með að fá að leggja námsbækurnar til hliðar og fást við raunveruleg verkefni – „ ... fengum að fara úr bókunum og gera eitthvað annað saman ...“. Þá hrósuðu nemendur fjölbreytni verkefnanna.

Auk þessara tveggja verkefna má nefna að allir nemendur og kennarar á unglingastigi unnu saman eina viku í desember að þematengdum verkefnum. Þemavikan hlaut nafnið *Skólajól* og tók einn nemandi að sér að hanna merki *Skólajóla*. Þemun sem voru í boði voru í fyrsta lagi piparkökuhúsabakstur þar sem nemendur bökuðu eftirmyndir af gömlu húsunum í Stykkishólmi sem þau völdu sér. Annað verkefni var fjölmenningarjól þar sem unnið var með jólahefðir frá nokkrum af þeim löndum sem nemendur skólans koma frá. Þá var í boði að

velja að vinna að útvarpi þar sem nemendur tóku upp viðtöl og annað slíkt sem á heima í útvarpi. Var þessu útvarpað í gegnum netið. Að lokum var hægt að velja fjölmiðlahóp sem sá um að koma öllu því sem fram fór í skólanum á framfæri við bæjarbúa, þ.e. með því að birta fréttir á vefnum, skrifa í bæjarblaðið og birta viðtölsem tekin voru upp og birt á sérstakri heimasíðu sem gerð var af nemendum.

Verið er að byggja við skólann nýtt bókasafn. Það mun hýsa bæði almenningsbókasafn bæjarins, ljósmyndasafn, skjalasafn og skólabókasafnið sem verið hefur í einu rými skólans. Við þetta skapast næsta haust möguleikar á að nýta núverandi bókasafnsrými fyrir unglingastigskennsluna og eru áform uppi um að byggja þar á teymiskennslu. Ætlunin er að vinna meira þvert á árganga. Vonir eru bundnar við að þær breytingar muni hafa í för með sér aukna starfsánægju, auk þess sem hægt verði að koma betur til móts við bæði nemendur sem þurfa meiri stuðning sem og þá sem bráðgerir eru.

Þá er á prjónunum að þróa teymiskennslu enn meira í kringum Byrjendalæsi í 1.–4. bekk. Í vetur skipulögðu umsjónarkennarar fyrrgreindra bekkja sameiginlega tíma þar sem unnið var þvert á bekki. Gafst það mjög vel og hafa viðkomandi kennarar áhuga á að halda áfram að þróa það. Þá hefur komið fram mikill áhugi hjá list- og verkgreinakennurum að geta betur tengt kennslu sína öðrum námsgreinum. Í bígerð er að vera með svokallaðar smiðjur reglulega þar sem bæði umsjónarkennarar og list- og verkgreinakennarar koma að skipulagningu.

Það er mat stjórnenda að þátttaka skólans í þessu verkefni hafi stuðlað að aukinni umræðu um teymiskennslu í skólanum sem og að auknum áhuga. Telja þeir mjög mikilvægt að nýta þann áhuga til þess að þróa teymiskennslu enn frekar á komandi skólaári.

Mat á verkefninu

Við mat á þessu verkefni er stuðst við eftirfarandi:

- Ráðgjafi heimsótti alla skólana á skólaárinu og átti fundi með kennurum eða einstökum teymum eins og eftir var óskað á hverjum stað. Ráðgjafi hélt dagbækur um samræður sínar við kennara.
- Í lok sameiginlegrar uppskeruhátíðar skólanna í Borgarbyggð og á Snæfellsnesi 26. apríl var þátttakendum skipt eftirfarandi umræðuhópa:
  - Kennarar á yngsta stigi
  - Kennarar á miðstigi
  - Kennarar á unglingastigi
  - List- og verkgreinakennarar
  - Íþróttakennarar
  - Stjórnendur

Í hópnunum var kennurum boðið að deila reynslu sinni eða ræða mál sem brunnu þeim fyrir brjósti og tengdust verkefninu (dæmi um þar sem vel hafði tekist til, vandamál, álitamál, sóknarfæri, stuðning, bjargir, óskir). Umræðustjórar héldu minnisatriðum til haga og fundur stjórnenda var hljóðritaður. Það sem hér fer á eftir byggir á þessum gögnum.

Fjölmargar ábendingar komu fram:

Kennarar á yngsta stigi voru flestir þeirrar skoðunar að vel hefði tekist til með innleiðinguna. Helstu hindranir voru að þeirra mati skortur á undirbúningstíma og þá bæði á tíma til að vinna með öðrum kennurum en þó sérstaklega vöntun á tíma til að vinna með stuðningsfulltrúum. Kennararnir ræddu kosti og galla teymiskennslunnar og má nefna ábendingu um að slæmur fylgifiskur teymiskennslu gæti verið að „allt yrði mjög niðurnjörvað og það að slá til ef góð hugmynd [kæmi upp] og bregða frá áður ákveðinni kennsluáætlun minnkaði eða hyrfi alveg.“

Á fundi kennara á miðstigi kom m.a. fram að þeir kennarar sem kenna flestar greinar sameiginlega voru mjög ánægðir með teymiskennsluna og vildu alls ekki fara til baka. Sérstaklega var vikið að mikilvægi þess í teymiskennslu að allir kennarar bæru jafna ábyrgð.

Unglingastigskennararnir bentu á að stundatöflugerð væri úrslitaatriði þegar kæmi að þróun teymiskennslu. Teymin þyrftu að fá tíma til undirbúnings og meginatriði væri að kennarar væru ekki teknir í forföll á þeim tíma. Þá skipti máli að þeir einstaklingar sem skipa hvert teymi geti unnið saman. Áhugi kom fram á að auka veg teymiskennslunnar á unglingastiginu, bæði við kennslu einstakra greina eins og stærðfræði og íslensku, en einnig þvert á greinar. Áhugi kom fram á að kennarar gerðu meira af því að fara á milli skóla til að kynnast öðru starfi og skiptast á verkefnum. Bent var á að ef vel tækist til væri teymiskennsla ígildi endurmenntunar.

Stjórnendur voru sammála um að verkefnið hefði haft þýðingu. Það hefði styrkt kennarana í starfinu að fá endurgjöf á það sem þeir voru að gera. Eins hefði verkefnið áreiðanlega leitt til þess að kennarar tóku ákvörðun um að stíga skref í þessa átt; þeir hefðu orðið ærðnari.

Á fundi stjórnenda voru ræddir möguleikar á að nýta sérfræðiþekkingu kennara í þágu fleiri skóla, t.d. með kennaraskiptum, heimsóknum í skóla, fræðslufundum eða námskeiðum. Afar góð reynsla hefur fengist á Vesturlandi með menntabúðum kennara sem gætu verið fyrirmynd að tilhögun.

Mat ráðgjafa er að reynsla þeirra kennara sem ákváðu að stíga skref í átt til teymiskennslu sýni vel þann ávinning sem vænta má þegar vel tekst til, sem og þá örðugleika sem búast má við að mæta þegar innleiðingin gengur ekki eftir. Athygli vakti hve vel virtist takast til þegar tveir eða fleiri kennarar voru saman með nemendahóp í sama rými og eins virtist teymiskennsla oft takast vel á miðstigi. Þá má nefna vel heppnaða teymiskennslu í stærðfræði á unglingastigi, bæði í Grunnskólanum í Grundarfirði og Grunnskólanum í Stykkishólmi. Þeir örðugleikar sem birtust eru vel þekktir í tengslum við innleiðingu teymiskennslu, t.d. skortur á tíma til undirbúnings, vandi við að útbúa stundatöflu sem hentar og örðugleikar sem tengjast því þegar kennarahópurinn nær ekki saman.

Eins og fram kom hér að framan verið ákveðið að halda þessu þróunarstarfi áfram í öllum skólunum.